

Nd.

121. Breytingartillögur

við frv. til laga um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Frá Haraldi Guðmundssyni, Vilmundi Jónssyni, Emil Jónssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 2. gr. Í stað „fjölskyldumanna“ i næstsiðasta másl. 1. málgr. komi: manna.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „Gildir þetta . . . eða gengi“ komi: Þó skulu stéttarfélög, sem hafa í kaupsamningum eða kauptöxtum ákvæði um breytingar á kaupum vegna gengislækkunar eða hækkunar á verðvísitölum, mega velja um, hvort meðlimir þeirra fá kauphækkun samkvæmt þeim ákvæðum eða samkvæmt reglum 2. gr. Ef ekki er ákveðið í samningi, frá hvaða tíma og eftir hvaða vísitölu kaupskuli breytast, skal finna vísitöluna samkvæmt ákvæðum 2. gr. og breyting kaupskulsins koma til framkvæmda í fyrsta sinn 1. júlí 1939. Kauphækkun samkvæmt þessum sérákvæðum í kaupsamningum má þó ekki verða meiri en sem nemur hækkun á framfærslukostnaði, sbr. 2. gr.
3. Við 4. gr. Önnur málgr. orðist svo:
Sjómenn, sem ráðnir eru upp á hlut úr afla eða aflaverðlaun, sem miðast við aflamagn, skulu njóta þeirrar verðhækkunar, sem stafar af gengislækkuninni, og gildir þetta jafnt þótt gerður hafi verið fyrirframsamningur um söluverð aflahlutar.